

Reykjavík 5. nóvember 2007

Alþingi
Erindi nr. P 135/94
komudagur 6.11.2007

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um frumvarp til laga um breiting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands

Landssamband smábátæigenda fékk til umsagnar frumvarp til laga um breiting á lögum nr. 79 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lagt fyrir 135. löggjafarþing 2007 – 2008.

Landssamband smábátæigenda fagnar framkomnu frumvarpi. Í því er komið til móts við sjónarmið sem Landssamband smábátæigenda hefur haft uppi allt frá árinu 1985, þ.e. að viðkvæm svæði á hafsbotni verði metin að verðleikum og njóti tilhlýðilegrar verndar.

Landssamband smábátæigenda bendir og á þá þróun sem era ð eiga sér stað í vali stærstu kaupenda íslenskra sjávarafurða, þ.e. að kjósa helst fisk sem veiddur er á línu. Þessi þróun er í samræmi við umræðuna á alþjóðavettvangi, þar sem hallar mjög á botndregin veiðarfæri.

Virðingarfyllst

f.h. Landssambands smábátæigenda

Arthur Bogason
formaður